

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, Bolungarvíkurkaupstaður, kt. 480774-0279, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, og Súðavíkurreppur, kt. 630269-4589, Grundarstræti 3, 420 Súðavík, (hér eftir samningsaðilar) gera með sér svohljóðandi

## viðauka við samning um meðferð barnaverndarmála og kosningu í barnaverndarnefnd

sem gerður var á milli ofangreindra aðila, þann 26. júní 2018, um að standa sameiginlega að barnavernd og kostnaði vegna hennar í sveitarfélögunum.

Þann 23. september 2021 sagði Ísafjarðarbær samningnum upp, vegna fyrirhugaðra breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sem og frumvarps til laga um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna, en lagabreyting átti að taka gildi 1. apríl 2022. Uppsögn var gerð með sex mánaða fyrirvara og átti að taka gildi frá og með 1. apríl 2022.

Viðauki þessi er því gerður í kjölfar þess að lagabreytingunni sem um ræðir var frestað til 31. desember 2022, sbr. breytingalög nr. 20/2022, og er talið að hagsmunum skjólstæðinga barnaverndarþjónustu sé best borgið með tímabundnu áframhaldandi samstarfi sveitarfélaganna.

Hér með fallast samningsaðilar á að uppsögn samningsins, dags. 26. júní 2018, gildi frá og með 1. janúar 2023, og gildir því fyrrgreindur samningur, þó með neðangreindum breytingum, út árið 2022.


Viðauki þessi, ásamt samningi um meðferð barnaverndarmála og kosningu í barnaverndarnefnd, fellur því úr gildi án sérstakrar uppsagnar þann 31. desember 2022.

Samningsaðilar fallast jafnframt á breytingu á 2. mgr. 3. gr. samningsins, þannig að allur kostnaður vegna barnaverndar skuli greiddast sem hlutfall af íbúafjölda í sveitarfélögum ár hvert, að því undanskildu að greiðsla kostnaðar vegna sérstakra einkarekinna úrræða, s.s. vegna vistunar barns utan heimilis, í samræmi við 25.-28. gr. barnaverndarlaga, greiðist eingöngu af því sveitarfélagi þar sem barn er með skráð lögheimili. Veitandi þjónustu vegna sérstakra einkarekinna úrræða skal því senda reikning til þess sveitarfélags þar sem barn er með skráð lögheimili, sem sér um greiðslu kostnaðar.

Jafnframt bætist við eftirfarandi ákvæði, sem verður 3. mgr. 3. gr. samningsins:

„Komi til þess að barnaverndarnefnd taki afstöðu til þess hvort samþykkja eigi að belta sérstöku einkareknu úrræði vegna máls, skal liggja fyrir hvort svigrúm sé til þess á fjárhagsáætlun ársins hjá viðkomandi sveitarfélagi. Samþykki nefndin að belta umræddu úrræði og ekki er heimild til kostnaðaraukans í fjárhagsáætlun, skal nefndin fela starfsmanni að vinna viðauka vegna málsins og leggur jafnframt til við bæjarstjórn viðkomandi sveitarfélags að samþykkja hann, eins fljótt og unnt er. Óheimilt er að hefja beiingu úrræðisins fyrr en viðauki hefur verið samþykktur, í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga, samþykkt um stjórn viðkomandi sveitarfélags, og þær verklagsreglur sem gilda um viðaukagerð hjá viðkomandi sveitarfélagi. Í neyðartilvikum þar sem úrræði þolir ekki bið, er nefndinni þó heimilt að hefja beiingu úrræðisins til skamms tíma eða þar til viðauki hefur verið samþykktur. Í þeim tilvikum skal nefndin gera viðkomandi sveitarstjórn sérstaka grein fyrir nauðsyn á beiingu slíks úrræðis.“

Sá kostnaður sem til hefur fallið skv. viðauka þessum frá 1. apríl 2022 til undirritunar viðaukans skal greiddast með elngreiðslu gegn útgáfu reiknings.



Viðauki þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sveitarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar og sveltastjórnar Súðavíkurhrepps.

Ísafirði,

2022

F.h. Ísafjarðarbæjar  
  
Anna Lára Jónsdóttir,  
bæjarstjóri



F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar  
  
Jón Páll Hreinsson,  
bæjarstjóri



F.h. Súðavíkurhrepps  
  
Bragi Þór Thoroddsen,  
sveitarstjóri

